

Nd.

172. Frumvarp til laga

[142. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Við Aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskiskipum, öðrum en togurum yfir 500 brúttórúmllestir að stærð. Rétt til greiðslna úr áhafnadeild eiga ennfremur:

- a) Hlutarráðnir landmenn á línubátum, sem lögskráð er á.
- b) Skipverjar á fiskibátum með þilfari, sem eigi lúta lögskráningarskyldu. Skilyrði fyrir greiðslu er, að þessir bátar séu gerðir út með eðlilegum hætti til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, eigi skemmri tíma en fjóra mánuði á ári, og að eigendur þeirra tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.
- c) Skipverjar á opnum vélbátum. Skilyrði fyrir greiðslu er, að þessir bátar séu gerðir út með eðlilegum hætti til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, eigi skemmri tíma en þjá mánuði á ári, að bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer) og að eigendur þeirra fullnægi að öðru leyti sömu skilyrðum og tilgreind eru í b-lið. Ennfremur skulu eigendur þeirra framvísa vottorði Siglingamálastofnunar ríkisins um, að fullnægt sé reglum um öryggisbúnað.

Fæðisgreiðslur á þessum bátum séu greiddar á tímabilinu 1. maí til 30. september ár hvert fyrir hvern áhafnarmeðlim á hvern úthaldsdag.

2. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Áhafnadeild skal greiða til viðkomandi útvegsmanna hluta sjómanna af fæðiskostnaði samkvæmt 15. gr. og standi þeir skil á honum til sjómanna.

Með reglugerð skal setja ákvæði um upphæð fæðisgreiðslna eftir sérstakri flokkun fiskiskipa, sem þar verður ákveðin.

Leita skal umsagnar þeirra aðila, sem tilnefna fulltrúa í stjórn Aflatryggingasjóðs, svo og Fiskifélags Íslands, um reglugerðina, áður en hún verður gefin út. Ákvæði reglugerðarinnar skulu gilda frá 1. júní 1980.

Fjárhæðir þær, sem verða ákveðnar með reglugerðinni, skulu breytast með breytingum á matvörulið framfærsluvisitölu.

3. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að greiða úr áhafnadeild til togara, sem eru 500 brúttórúmllestir eða stærri, framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af útflutningsafurðum þessara togara.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 48 25. apríl 1973 og lög nr. 53 20. maí 1974.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 74 28. maí 1969 var bætt í lög um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins frá 1962 nýjum kafla um fæðisgreiðslur til sjómanna á fiskibátum. Gildistími laganna var 19. febrúar 1969. Með lögum þessum var ákveðið að lögskráningarskyldir fiskimenn og fiskimenn á þilfarsbátum, sem ekki eru lögskráningarskyldir skyldu fá ákveðna upphæð greidda fyrir hvern dag á lögskráningartímabilinu til að standa straum af fæðiskostnaði sínum og fór upphæðin eftir stærð fiskibátanna, sem voru flokkaðir í þrjár stærðir.

Með lögum nr. 48/1973 var bætt við fiskimönnum á opnum vélbátum.

Togarar komu ekki við sögu þessara laga, þar sem aðeins var um að ræða stóra togara, mest nýsköpunartogarana svonefndu, en eigendur þeirra áttu aðild að Félagi isl. botnvörpuskipaeigenda og samkvæmt samningum þess við sjómannafélögin höfðu togarasjómenn frítt fæði. Það ákvæði gildir enn fyrir þá togara, sem eiga aðild að F.Í.B., en það eru aðeins hinir stærri togarar þ. e. þeir sem eru stærri en 500 brúttórúmllestir.

Þegar minni togarar, aðallega skuttogarar undir 500 brúttórúmllestir að stærð, komu til sögu, leiddi af sjálfu sér að skipverjar á þeim fengju greiddan hluta af fæðiskostnaði eins og bátasjómenn, þar sem þeir vinna eftir samskonar kjarasamningum og sjómenn á fiskibátum, enda eru eigendur báta og minni togara í sömu útvegsmananafélögum og gera sameiginlega kjarasamninga við sjómannafélögin fyrir bæði bátana og togarana.

Upphæðir fæðisgreiðslna voru ákveðnar í lögum strax í upphafi og hafa alltaf verið misháar eftir stærð skipa, sem skipað var í þrjá stærðarflokka. Þess mun fljótlega hafa orðið vart, að erfitt var að sjá til þess, að jöfnuður ríkti varðandi greiðslur til sjómanna á hinum ýmsu stærðarflokkum skipa. Reynt var að bæta nokkuð hér úr með breyttri stærðarflokkun og nokkuð breyttum upphæðum greiðslna með setningu laga nr. 53/1974, en þó ekki svo að fullnægjandi þyki. Mál þessi hafa verið rædd í almennum umræðum um kjarasamninga og mun óhætt að fullyrða, að bæði sjómenn og útvegsmenn séu almennt sammála um, að nauðsyn beri til að lagfæra þær reglur, sem nú gilda um fæðisgreiðslurnar, þannig, að stefnt sé að því að allir sjómenn á öllum flokkum fiskiskipa fái sama eða svipaðan hluta af fæðiskostnaði sínum greiddan.

Vegna þess að atvik og aðstæður breytast eins og reynslan sýnir, er nánast ógerlegt að hafa ákvæði um fæðisgreiðslurnar bundin í lögum þar sem seinlegt

er og umsvifamikið að gera á þeim tíðar breytingar. Stjórn Aflatryggingasjóðs, sem skipuð er mönnum, sem tilnefndir eru af samtökum sjómanna og útvegsmanna, munu vera sammála um að best fari á því, að málum þessum sé skipað með reglugerð, sem samtökin geti haft áhrif á hvers efnis verði. Samtök þessi eru, auk Fiskifélags Íslands, Alþýðusamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Sjómannasamband Íslands.

Á framangreindum forsendum er frumvarp þetta flutt. Að efni til er gildandi lögum ekki breytt að öðru leyti en því, að ákvæði 17. gr. þeirra, sbr. lög nr. 53/1974 um stærðarflokka skipa og upphæð fæðispeninga, eru numin brott, en í þess stað kemur ákvæði um, að þessum þáttum skuli skipað með reglugerð.

Efnisskipan er nokkuð breytt án þess að um efnisbreytingar sé að ræða utan þess, sem sagði hér á undan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í lögum nr. 74/1969 svo og lögum nr. 80/1971 15. gr. er talað um fæðisgreiðslur áhafna á fiskibátum. Í samræmi við breyttar aðstæður er í frumv. svo fyrir mælt, að þessar greiðslur skuli ganga til áhafna á fiskiskipum (ekki aðeins fiskibátum) af ástæðum, sem raktar eru í hinum almennu athugasemdum, og jafnframt tekið fram, að ákvæðið taki ekki til hinna stærri togara, enda hafa skipverjar á þeim frítt fæði. Vegna þess er 2. mgr. 23. gr. laganna breytt með 3. gr. frumv. eins og síðar er skýrt nánar.

Að öðru leyti eru ákvæðin í 17. gr. gildandi laga um rétt beitningamanna á línu-bátum og skipverja á minni bátum, sem taldir eru upp í a—c liðum 1. gr. frumvarpsins flutt í 15. gr. gildandi laga. Þykir betur á þessu fara, þótt ekki sé um efnisbreytingar að ræða. Þess skal getið, að þar sem rætt er um að skip séu gerð út með eðlilegum hætti, er átt við að um eðlilegt úthald sé að ræða.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna meginbreytinguna frá gildandi lögum, sem felst í frumvarpi þessu, þ. e. að ákvæði um upphæð fæðisgreiðslna og flokkun skipa skuli sett með reglugerð í stað þess að vera bundin í lögum eins og nú er. Gerð er grein fyrir þessari breytingu í hinum almennu athugasemdum.

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir efnistilfærslum úr 17. gr. gildandi laga í 15. gr.

Tekið er fram, að leita skuli umsagnar hagsmunaaðila um reglugerð, áður en hún verður gefin út. Er hér um að ræða þá aðila, sem tilnefna fulltrúa í stjórn Aflatryggingasjóðs. Í framkvæmd verður að telja meira en líklegt, að sjávarútvegsráðuneytið muni leita tillagna stjórnar Aflatryggingasjóðs um efni reglugerðarinnar, enda verður hún naumast samin og sett án þess að stuðst sé við margvísleg gögn sjóðsins um áhafnadeild. Og til enn frekari tryggingar verður reglugerðin, áður en út verður gefin, send umræddum samtökum til umsagnar. Verði ágreiningur þeirra á milli um efni hennar, kemur það að sjálfsgöðu í hlut sjávarútvegsráðuneytisins að skera úr um hann.

Um 3. gr.

Fram kemur í athugasemdum hér áður, að þegar lögum um áhafnadeild voru sett 1969 og raunar einnig þegar lögum um Aflatryggingasjóð voru endurskoðuð 1971, var aðeins um að ræða fiskibáta og togara, sem þá voru eingöngu stórir síðutogarar, en skipshafnir þeirra höfðu frítt fæði, svo að ekki kom til fæðisgreiðslna til þeirra. Þar sem svo stendur á nú, að þetta gildir aðeins um skipshafnir á togurum yfir 500 brúttórumlestir, bar nauðsyn til að breyta þessu ákvæði í samræmi við það.

Um 4. gr.

Þar sem efni laga nr. 48/1973 er nú felld inn í frumvarp þetta og ákvæði laga nr. 53/1974 fjalla um upphæð fæðisgreiðslna og stærðarflokkun skipa, sem samkvæmt frumvarpi þessu skal framvegis ákveða með reglugerð, verða lög þessi óþörf, ef frumvarp þetta verður að lögum, og því lagt til að þau verði úr gildi felld. .